

KJÖRSONURINN.

*Saga úr frakknesku sveltalífi.
Eftir GUY DE MAUPASSANT.*

Tveir kotbæir stóðu hlið við hlið neðst í brekku í dálíttilli sumarhvíldarstöð við sjóinn. Bændurnir í báðum glímdu baki brotnu við ófrjóan jarðveg, til að hafa ofan í krakkahópinn, og átti hvor fjóra.

Fyrir framan dyrnar lék allur hópurinn sér og ólmaðist liðlangan daginn. Þau elztu tvö voru sex ára, þau yngstu fimtán mánaða. Báðir höfðu bændur þessir gifzt um sama leyti og hjá báðum fjölgað í sama mund.

Mæðurnar þektu naumast, hvað hvor átti í þessari þvögu og feðurnir vissu hvorki upp né niður. Átta nöfn sveimuðu í huga þeirra ; þau voru ávalt að grautast saman. Þegar þeir ætluðu að kalla á eitt barnið, nefndu þeir oft þrjú nöfn, áður þeir hittu á hið rétta.

Í öðru kotinu bjuggu Tuvache-hjónin, þau komu frá sjávarböðunum við Belleport ; þau áttu þrjár stúlkur og einn dreng. Í hinu kotinu áttu